



Reykjavík 11. ágúst 2016

**Efni bréfs:**

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga  
haldið í Stykkishólmi dagana 14. og 15. október 2016

Til formanna hestamannafélaga í LH,

60. Landsþing LH verður haldið dagana 14. og 15. október n.k. í Stykkishólmi í boði hestamannafélagsins Snæfellings. Rétt til þingsetu eiga 180 þingfulltrúar frá 45 hestamannafélögum.

Fulltrúafjöldi fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv. Sjá meðfylgjandi töflu.

Kjörbréf verða send formönnum hestamannafélaganna í tölvupósti á næstu dögum, ásamt upplýsingum um gistingu í Stykkishólmi. **Bókun á gistingu og á þingslitafagnað fer alfarið fram í gegnum undirbúningsnefnd Snæfellings á netfangið [nadinew@simnet.is](mailto:nadinew@simnet.is).**

Tillögur og önnur málefni sem hestamannafélögin óska eftir að tekin verða fyrir á þinginu verða að berast skrifstofu LH í síðasta lagi 16. september n.k. Í lögum LH stendur:

***“1.2.2 Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.”***

Tilkynning um framboð til embættis formanns eða stjórnar LH skal berast kjörnefnd minnst hálfum mánuði fyrir landsþing.

Bent er sérstaklega á 1. kafla varðandi landsþingin í *Lögum og reglum LH* sem aðgengileg eru á vefnum [www.hhestar.is](http://www.hhestar.is). Á vefnum er einnig sér síða fyrir 60. Landsþing LH, undir „Um LH“ og þar undir „Landsþing.“ Þar verða settar inn allar helstu upplýsingar um komandi þing.

F.h. LH

Hilda Karen Garðarsdóttir